

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Snæfellsbæ.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum 18 ára eða eldri, sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. mgr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

1. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.
2. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Við skráningu hunds skal leggja fram skriflega staðfestingu allra umráðamanna íbúða hússins á samþykki þeirra, auk eiganda viðkomandi húsnæðis, sé um leiguhúsnæði að ræða. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.
3. Leyfisgjald fyrir undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal ekki vera herra en sem nemur rökstuddum kostnaði fyrir veitta þjónustu og eftirlit og skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskrá er einnig heimilt að ákveða handsömunargjald. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir löggæslu-, björgunar- og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan 2ja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Innifalið í skráningargjaldinu er ábyrgðartrygging og hreinsun og merkisþjald, eigandi hunds ber annan kostnað svo sem af örmerkingu og hálsól o.þ.h. Við greiðslu leyfisgjalds ber leyfishafi að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið ormahreinsaður á undangengnum 12 mánuðum. Heimilt er að afturkalla leyfi til hundahalds ef hunda-hreinsun er ekki framkvæmd.
4. Hvert dýr sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggt. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.
5. Hundurinn skal ávallt vera með ól með plötu á um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Einnig skal festa við ólina merki er sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundurinn hreinsaður. Hundaeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flyst á aðra þéttbýlisstaði á svæðinu eða út af eftirlitssvæðinu.
6. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss, innan marka þéttbýlis. Annarsstaðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgs aðila á hans vegum. Hundaeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
7. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir skv. ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002. Slíkir staðir eru m.a. eftirfarandi skv. ákvæðum í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002:

- Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir
 - Skólar
 - Lækna- og tannlæknastofur
 - Sjúkrahús og aðgerðarstofur
 - Vistarverur handtekinna manna
 - Heilsuræktarstöðvar
 - Íþróttastöðvar og íþróttahús
 - Gæsluvellir
 - Snyrtistofur
 - Nuddstofur og sjúkrahjálfun
 - Sólbaðsstofur
 - Húðflúrstofur
 - Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús
 - Gististaðir
 - Veitingastaðir
 - Sumarbúðir fyrir börn
8. Ákvæði tölul. 7 gildir ekki fyrir hunda sem eru notaðir til löggæslu- eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.
 9. Ábúendum lögbýla sem eru innan marka sveitarfélagsins er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.
 10. Óheimilt er láta hund sem er eldri en 1 mánaðar dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
 11. Hundar sem ekki eru skráðir í Snæfellsbæ mega ekki dvelja þar nema með leyfi sveitarstjórnar. Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags.

2. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda sveitarstjórn, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá sveitarstjórn þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarabrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Sveitarstjórn skal árlega senda embætti lögreglustjórans á Snæfellsnesi skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu sbr. ákvæði 5. tölul. 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Snæfellsbæ.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð 1 mánaðar aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá því að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

3. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað öll áður útgefin leyfi til hundahalds telji hún til þess brýna þörf.

4. gr.

Sveitarstjórn eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Snæfellsbæ, í umboði heilbrigðisnefndar, og getur leitað aðstoðar lögregluvalda, þegar þörf krefur við að framfylgja samþykkt þessari.

5. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Teljst hundur hættulegur að mati dýralæknis og hundaeftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 sólarhringa frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

6. gr.

Kattahald í Snæfellsbæ sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

7. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína hjá Snæfellsbæ. Aldrei skal halda fleiri en tvo ketti, eldri en þriggja mánaða, á sama heimili.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

8. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

9. gr.

Eiganda kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

10. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

11. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

12. gr.

Ekki má hleypta köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

13. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Snæfellsbæjar eða aðilum á þeirra vegum er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

14. gr.

Leyfisgjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram 1. mars ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

Í leyfisgjaldi skal m.a. innifalinn kostnaður vegna ábyrgðartryggingar sem Snæfellsbær kaupir vegna katta. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem kettir kunna að valda mönnum, dýrum og munum.

15. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

16. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 384/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að uppfylla ákvæði 7. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. september 2007. Þeir sem halda fleiri en 2 ketti á sama heimili við gildistöku samþykktar þessarar skulu gera sérstakt samkomulag um kattahald sitt við Snæfellsbæ fyrir 1. september 2007.

Umhverfissráðuneytinu, 7. ágúst 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.